

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

1. tbl. 2. árg.

5. janúar 2024



Frá þrettándanum í Stykkishólmi 2023.

Nýtt ár gengið í garð

Áramótin hafa runnið sitt skeið og jólahátíðin að lokum komin. Við blasir nýtt ár flutt af nýjum áskorunum og tækifærum.

Áramótaveðrið var gott og töluverðu magni af flugeldum var skotið upp í Hólminum. Flugeldasala björgunarsveitarinnar gekk vel

í ár en opið verður fyrir flugeldasölu í húsnaði björgunarsveitarinnar á þrettándanum, 6. janúar, frá kl. 11:00 til 15:00. Þá verða flugeldar á

janúarafslætti eins og í öllum betri búðum og því um að gera að kaupa nokkrar tertur til að sprengja burt jólin og styrkja gott starf í leiðinni.

Þrettándabrenna



Frá þrettándanum í Stykkishólmi 2023.

Líkt og undanfarin ár var ekki haldin áramótabrenna í Stykkishólmi en þess í stað verður þeim mun veglegri brenna á þrettándanum. Hefur þessi hefð mæst vel fyrir í Hólmi-

num síðustu ár. Kveikt verður í þrettándabrennu við Vatnsás fyrir innan tjaldsvæðið laugardaginn 6. janúar um kl. 17:00. Fólk er hvatt til að koma saman og kveðja jólahátíðina með söng

og gleði. Gott er að rifja upp gömlu góðu þrettándalögin og hafa textana klára á símanum. Venju samkvæmt verður boðið upp á flugeldasýningu á vegum Björgunarsveitar-

innar Berserkja. Verði vindátt óhagstæð eða verður þannig að ekki sé hægt að halda brennu á þessum tíma verður tilkynnt um það á vefsíðu sveitarfélagsins.

Héraðsmeistari tryggir sér annan sigur



Stefán Karvel Kjartansson í miðjunni með bikarinn.

Taflfélag Snæfellsbæjar hélt nýverið jólaskákmót í Átthagastofu Snæfellsbæjar. Keppt var í hraðskák í tveimur flokkum, yngir og eldri flokk. Þátttakendur voru 14 talsins og heppnaðist mótið vel í alla staði. Hólmarinn Stefán Karvel Kjartansson hafnaði í fyrsta sæti í yngri flokk á mótinu en hann sigraði jafnframt á héraðsmóti sem haldið var í byrjun desember í Grundarfirði. Skákin hefur undanfarin ár

notið aukinna vinsældanna ungu kynslóðarinnar í Stykkishólmi, eins og víða um land, og kemur ef til vill með að vaxa enn frekar nú þegar við Hólmarar eigum héraðsmeistara í skák. Stefáni er óskað til hamingju með góðan árangur í skákinni.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Opinn kynningarfundur um breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis



Ibúafundur á bókasafninu 11. janúar.

Haldinn verður opinn kynningarfundur um breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í Amtsbókasafninu í Stykkishólmi fimmtudaginn

11. janúar kl. 17:00. Áður var haldinn fundur um sama efni 19. desember síðastliðinn en svo óheppilega vildi til að fundurinn

var á sama tíma og hátíðartónleikar Tónlistarskólans. Í ljósi þessa var ákveðið að halda annan fund og gefa þannig þeim sem ekki komust síðast kost á því að mæta nú og kynna sér breytinguna. Athugasemdastofur er til og með 26. janúar 2024 og skal skila athugasemdum í Skipulagsgáttina. Breytingartillagan er tilkomin vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar 12 íbúða fyrir Brák íbúðafélag á 2800 m² reit sem breyt-

ingin tekur til. Tillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022 um þéttari byggð og meiri fjölbreytni í stærðum íbúða og felst í meginatriðum í: fækkun lóða úr þremur í tvær, heimild fyrir fjórum tveggja hæða fjögurra íbúða húsum á lóðunum, fjölgun íbúða úr átta í sextán og fjölgun innkeyrslna frá Bauluvík um eina. Hægt er að kynna sér breytinguna á vefsíðu sveitarfélagsins.

Starfsmenn

Þjónustumiðstöðvar hirða upp jólatré



Þegar lifandi jólatré hafa þjónað sínu hlutverki er mikilvægt að koma þeim í réttan farveg. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar munu hirða upp jólatré sem sett hafa verið út að

lóðarmörkum dagana 7.-12. janúar 2024. Jólatréð úr Hólmgarði fetar sinn veg sömuleiðis en hefð er fyrir því að rollurnar í Nýræktinni fái að naga utan af því að loknum jólum.

Sorphirðudagatalið komið út



Vakin er athygli á því að dagatal Íslenska gámafélagsins fyrir sorphirðu í Stykkishólmi er komið út og má nálgast á vefsíðu Stykkishólms. Losunardagar geta breyst án fyrirvara, t.d. vegna veðurs þó litlar líkur séu á því í veðursældinni í Stykkishólmi. En komi sú staða upp verður

losað við fyrsta tækifæri. Jafnframt er minnt á grenndarstöðvar við Skúlagötu, Lágholt og Búðanes þar sem hægt er að losa sig við málma, gler og textíl. Gámas-töðin Snoppa er opin virka daga frá kl. 16:00 til 18:00 og laugardaga frá 11:00 til 14:00.

Þorrablót 3. febrúar næstkomandi



Af þessari mynd að dæma má reikna með að nefndin geri sér mat úr flutningum hjúkrunarheimilisins á HVE.

Þorrablót verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Stykkishólmi 3. febrúar næstkomandi. Formenn þorrablótisnefndar í ár eru þau Atli Rúnar Sigurþórsson og Theódóra

Matthíasdóttir sem lofa góðri skemmtun. Miðsala á blótið verður auglýst á næstunni. Þorrablótið var fyrst haldið í Íþróttamiðstöðinni árið 2020 en hafði

áður verið haldið á Hótel Stykkishólmi. Með því að færa þennan árlega viðburð í íþróttamiðstöðina gefst pláss fyrir töluvert fleiri gesti, en undan-

farin ár hafa æ fleiri brottfluttir Hólmarar sótt þorrablótin og fer þessi hátíð því ört vaxandi.

Íslandsmót í pítró fór fram í lok desember



Létt yfir verðlaunahöfum í lok móts

Árlegt Íslandsmót í pítró fór fram 30. desember síðastliðinn. Mótið hefur vanalega verið haldið

í félagsheimilinu Skildi en fór að þessu sinni fram í Setrinu. Þátttaka var einstaklega góð í ár

en 38 manns skráðu sig til leiks. Til úrslita spiluðu Högni Högnason og Þröstur Auðunsson

gegn Jóni Sævari Baldurssyni og Guðrúnu Hörpu Gunnarsdóttur. Mikil spenna var í úrslitunum sem fór í oddaleik en að endingu höfðu þeir Högni og Þröstur betur eftir ótrúlegan endasprett. Þess má geta að þetta var í fimmta sinn sem Þröstur fer með sigur úr bitum. Elsti spilara kvöldsins var Hannes Kristján Gunnarsson 90 ára en yngsti keppandinn var Björgvin Guðmundsson frá Helgafelli 12 ára.